

## FUNDARGERÐ

242. stjórnarfundur Ríkisútværpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 25. maí 2022.

Mætt voru stjórnarmennir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Jón Ólafsson, Ingvar Smári Birgisson, Mörður Áslaugarson, Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir, Nanna Kristín Tryggvadóttir og Viðar Eggertsson, sem kom inn í fjarveru Margrétar Tryggvadóttur og Natalie Guðríður Gunnarsdóttir, sem kom inn í fjarveru þráins Óskarssonar. Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi var forfölluð. Að auki sátu fundinn Stefán Eiríksson útværpsstjóri, Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð 241. stjórnarfundar var samþykkt en beðið var með að leggja fram fundargerð 240. stjórnarfundar.

### 2. Fjármál

Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármála fór yfir afkomu í mars og apríl. Áætlun marsmánaðar var 30 m.kr. lakari en áætlað var. Tekjur voru 18 m.kr. hærri en áætlun og rekstrargjöld 20 m.kr. yfir áætlun. Kostnaður umfram áætlun í rekstri stafi einna helst af auknum kostnaði vegna skammtímoveikinda og rekstrarkostnaðar í tækni. Verðbætur á LSR lán námu 37 m.kr.

Áætlun aprílmánaðar var 9 m.kr. betri en áætlað var. Tekjur voru 12 m.kr. hærri en áætlun og rekstrargjöld 6,7 m.kr. yfir áætlun. Kostnaður umfram áætlun í rekstri megi einnig rekja til aukins kostnaðar vegna skammtímoveikinda og streymiskostnaðar. Verðbætur á LSR lán voru 30 m.kr. en á móti var gengishagnaður 22,7 m.kr.

Afkoma samstæðu RÚV eftir fyrstu fjóra mánuði ársins sé 2022 sem sé 2,9 m.kr. lakari en á ætlun gerði ráð fyrir.

Horfur séu á að rekstrarkostnaður og fjármagnsliðir hækki umfram áætlun á árinu vegna hækkandi verðbólgu. Hins vegar gangi auglýsingasala mjög vel.

### 3. Minnisblað útværpsstjóra

Útværpsstjóri upplýsti stjórn um það helsta í starfsemi RÚV undanfarin misseri.

#### a. Stefnumótun RÚV

Útværpsstjóri gerði grein fyrir nýrri stjórn vinnu við stefnumótunar RÚV til næstu ára. Stefnumótunarvinnan hafi hafist 2021 og var haft ítarlegt samráð við hagsmunaaðila, starfsfólk og almenning. Drög að stefnuskjali hafi verið yfirfarin á vinnufundum stjórnar. Nú séu lokadrög í vinnslu með tilliti til framsetningu texta og grafík. Grunnurinn sé fyrri stefna, en aukin áhersla á stafræna þróun, fréttir og fréttatengda umfjöllun og fjölbreytileika, jafnræði og þátttöku allra. Lagt sé upp með að lokadrög að stefnuskjali verði samþykkt á næsta stjórnarfundi.

#### b. Siðareglur RÚV

Siðareglur RÚV hafa verið í endurskoðun undanfarin misseri. Tveir starfshópar komu með tillögur að breytingum auk þess sem drög hafa verið kynnt í stjórn. Endurskoðun sé í samræmi við ákvæði í þjónustusamningi. Lagt er til að siðareglur verði settar af Útværpsstjóra eins og aðrar reglur sem gilda þvert á starfsemi RÚV. Þetta sé í samræmi við aðrar reglur, einkum vinnureglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim. Helsta breytingin sé að lagt sé til að siðaneftnd verði aflögð og brugðist verði innan RÚV við hugsanlegum brotum með sama hætti og sé gert í öðrum reglum RÚV.

153  
Jó  
NK

#### 4. Starfshópur stjórnar um húsnæðismál RÚV

Vegna breytinga á stjórn þá tók stjórn ákvörðun um að Silja Dögg Gunnarsdóttir myndi taka sæti fyrverandi stjórnarformanns í starfshópi um húsnæðismál RÚV.

Mörður Áslaugarson bar upp tillögu um að stjórn myndi skipa áframhaldandi starfshóp um netöryggismál RÚV. Það var samþykkt og gaf Mörður Áslaugarson sig fram í hópinn og var ákveðið að skipa formlega í starfshópinn á næsta stjórnarfundi.

#### 5. Önnur mál

Stjórn óskaði eftir frekari upplýsingum sem yrðu ræddar á næsta fundi eða þar næsta fundi sem haldinn yrði eftir sumarfrí:

- Upplýsingar um verktaka hjá RÚV.
- Kostnað og tekjur af stærri viðburðum vegum RÚV, s.s. Söngvakeppnin, Eurovision og kosningaumfjöllun vegna ný yfirmaðurinnar sveitastjórnarkosninga.
- Vodafone samning RÚV og upplýsingar um dreifikerfi RÚV.

Þróun Ólafssen  
Jón Ólafsson  
Jóhanna Birgisson  
Namaskarðin Þorgríður  
Fríður Ólafsson      sed  
Silja D. Gunnarsdóttir      sed